

Ákvörðun nr. 15/2022
Fimmtudagurinn, 9. júní 2022

Samruni Fagkaupa ehf. og Hagblikks ehf.

1. Þann 11. maí 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Fagkaupa ehf. (Fagkaup) og Hagblikks ehf. (Hagblikk). Starfsemi samrunaaðila skarast svo til ekki en starfsemi Hagblikks felst í innflutningi og sölu á þakrennukerfum, loftræstisamstæðum og blásurum, og loftræstisrörum/stokkum og fittings fyrir lofttærstirör. Hlutdeild Fagkaupa í fyrrgreindum vöruflokkum er engin. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 12. maí 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði. Þá átti Samkeppniseftirlitið jafnframt samtöl við ýmsa keppinauta og viðskiptavini samrunaaðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá má skipta starfsemi Fagkaupa í fimm rekstrarsvið og nýttir félagið nokkur vörumerki í starfsemi sinni. *Sindri og Sindri vinnuföt* er rekstrareining undir Fagkaupum ehf., en *Sindri* selur m.a. rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. *Johan Rönnung* sérhæfir sig í þjónustu og sölu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað. *S. Guðjónsson* sér um sölu og þjónustu á raflagna- og fjarskiptaefni undir 1000V til rafverktaka og fyrirtækja. Þá er einnig lýsingarsvið þar sem áherslan er sala og ráðgefandi þjónusta til hönnuða, rafverktaka, fyrirtækja og að takmörkuðu leyti til almennings. *Áltak* býður til sölu ýmsar vörur til húsbýgginga, svo sem utanhússklæðningar, iðnaðarhurðir, stiga og hringstiga, hillukerfi, kerfislof, steypumót, hljóðlausnir, glugga og gluggakerfi. *Vatn og Veitur* er rekstrareining í tengslum við vatns- og pípulagnir, frárennsliskerfi og hitabúnað.
3. Fagkaup er í fullri eigu AKSO ehf. Fagkaup keypti félagið KH Vinnuföt ehf. árið 2021. KH Vinnuföt ehf. hefur með höndum sölu og þjónustu á vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum, sem og umboðsmennsku fyrir vörumerki á þessu sviði. Þá segir í samrunaskrá að Varma og vélaverk ehf., sé sjálfstætt félag í eigu Fagkaupa, en félagið selur og þjónustar sérhæfðan búnað fyrir veitufyrirtæki, sjávarútveg og iðnað. Þá keypti Fagkaup allan rekstur og vörubirgðir félagsins ÍJ ehf. í febrúar 2022, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2022.
4. Þá á Fagkaup fjögur dótturfélög sem stofnuð voru til þess að halda utan um nöfn rekstrareininga innan félagsins, en það eru félögin Johan Rönnung ehf., Áltak ehf., S. Guðjónsson ehf., og Vatn & veitur ehf. Engin starfsemi er í félögunum fjórum, en starfsemi rekstrareininganna fer fram í nafni Fagkaupa ehf.
5. Hagblikk er félag sem sérhæfir sig í smíði á loftrörum, innflutningi og sölu á fittings tengdum loftræstikerfum sem og blásurum, brunalokum og fleiru. Þá flytur Hagblikk inn ál þakrennur og



niðurföll. Fram kemur í samrunaskrá að skipta megi starfsemi Hagblikks í þrjá flokka, þ.e. 1) þakrennukerfi, 2) loftræstisamstæður og blásara og 3) loftræstirör/stokkar og fittings fyrir loftræstirör.

6. Hagblikk fer með minniháttar eignarhlut í Breather Ventilation ehf. en aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, ekki til heimilisnota.
7. Um skilgreiningu markaða segir í samrunaskrá að Hagblikk starfi á mörkuðum fyrir þakrennukerfi, loftræstisamstæður og blásara og loftræstirör/stokka og fittings fyrir loftræstirör
8. Að mati samrunaaðila er ekki um skörun í starfsemi samrunaaðila að ræða, þar sem hlutdeild Fagkaupa á mörkuðum fyrir þakrennukerfi, loftræstisamstæður og blásara og loftræstirör/stokka og fittings fyrir loftræstirör sé engin, ef frá er talin 2,2 m.kr. sala Áltaks á kopar þakrennum, en um hafi verið að ræða sérpöntun í sértæk verkefni. Þá sé vöruúrval Hagblikks í þessu sambandi þakrennur úr áli.
9. Þá segir að Fagkaup hafi ekki með höndum sölu eða þjónustu á markaði fyrir loftræstisamstæður og blásara né á markaði fyrir loftræstirör/stokka og fittings fyrir loftræstirör. Fagkaup selji hins vegar fittings á öðrum sviðum, s.s. pípulagna, en að mati samrunaaðila sé það annar markaður.
10. Að lokum vísa samrunaaðilar að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2021, *Samruni Ísmars ehf. og Fálkans hf.*, varðandi markað fyrir sölu á loftræstibúnaði en eftirlitið fjallaði um markaðinn í fyrrgreindri ákvörðun. Hafði eftirlitið í því máli hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila er varðaði sölu á loftræstibúnaði.
11. Segir í samrunaskrá að aðilarnir telji Ísland vera viðkomandi landfræðilegan markað þar sem að samrunaaðilar selji fyrst og fremst vörur sínar hér á landi. Þá sé ekki tekið mið af innflutningi í útreikningum markaðsstærða í samrunaskrá en samrunaaðilar telji þó að töluvert samkeppnislegt aðhald stafi þar af.
12. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að samruninn hafi óveruleg samkeppnisleg áhrif. Þannig skarist starfsemi samrunaaðilar að mjög litlu leyti, ásamt því að hvorugur samrunaaðila sé í markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins né starfi þeir í meginatriðum á sömu mörkuðum. Þá kemur fram að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á vöruframboð né eftirspurn. Þá telji samrunaaðilar að samkeppni á mörkuðum málsins sé mikil og að á markaðinum starfi öflugir keppnautar sem veiti samrunaaðilum mikla samkeppni og aðhald, s.s. Stjörnuþlíkk ehf., Blikksmiðurinn ehf., Hitatækni ehf., Ísmar ehf. ásamt Byko og Húsasmiðjunni. Er það einnig mat samrunaaðila að engar aðgangshindrinar séu að mörkuðum málsins.
13. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á mörkuðum málsins.
14. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að skörun á rekstri félaganna sé mjög takmörkuð og einungis er varðar sérpöntun til Áltaks á kopar þakrennum sem aðilar meti [0-5]% af markaðinum fyrir þakrennukerfi. Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppnauta samrunaaðila sem gerðu ekki athugasemdir við samrunann. Að mati eftirlitsins gefa



framangreind sjónarmið, upplýsingar í samrunaskrá, sem og fjöldi stórra keppinauta, ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um stöðu samrunaaðila á mörkuðum.

15. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á mörkuðum málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Fagkaupa ehf. á öllum rekstrarfjármunum félagsins Hagblikks ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson